



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

ENSK1HA05

Hagnýt enska A

Kennari:	Karl Sigtryggsson (KAS) karl.sigtryggsson@fsu.is og Kristjana Hrund Bárðardóttir (KHB) kristjanahrund@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing: Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytta texta, æfist í markvissri hlustun og tileinki sér aðalatriði í ensku tungumáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriðið sem stefnt er að í áfanganum.

Undanfari: Einkunnin D, C eða C+ úr grunnskóla

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál við mismunandi aðstæður
- lesa margs konar tegundir texta
- taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt
- tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa margskonar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál
- tileinka sér efni ritaðs texta
- lesa texta um ákveðin málefni, menningu, tækni- og iðngreinar
- tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu
- skrifa læsilega texta um margskonar efni og frá eigin brjósti

Námsefni:

A Street Cat Named Bob – James Bowen St. Martins Griffin

Efni frá kennara í Innu

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	15. janúar- 7. febrúar	Kennsla hefst mið. 15. jan	Lesskilnings og ritunarverkefni
5 - 8	10. febrúar - 7. mars	Námsmatsdagur 14. Feb. Miðannarmat lokaskil 28. Feb. Áfangamessa 5. mars	Munnlegt verkefni Skáldsaga
9 - 12	10. mars - 11. apríl	Valdagur 12. Mars Kátir dagar og Flóafár 19.-21. Mars.	Skáldsaga Lesskilnings og ritunarverkefni
13 - 16	14. apríl - 9. maí	14.- 21. Apríl. Páskafrí 24. Apríl Sumardagurinn fyrsti Dimmisjón 9. maí	Munnlegt verkefni Lesskilnings og ritunarverkefni
17 - 19	12. - 30. maí	Síðasti kennsludagur fim. 15. maí. Námsmatsdagar 16. - 19. maí. Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning mið. 28. maí.	Uppsóp

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Athugið að þetta er símatsáfangi. Það er ekki neitt lokapróf og þess vegna er mikilvægt að öllum verkefnum í áfanganum sé skilað og á réttum tíma.
- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er skilað.
- Samkvæmt stefnu deildarinnar, er ritstuldur (plagiarism) óásættanlegur. Gefið er 0 fyrir verkefni sem nemendur skila sem ekki er þeirra (copy-paste, unnið með AI eða fengið að láni frá öðrum). Þetta gildir líka um þá sem lána öðrum verkefnin sín.
- Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á hverjum tíma.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu.
- Kennara er heimilt að gefa nemanda F fyrir óþarfa fjarvist úr tíma.
- Notkun farsíma í tíma einskorðast við notkun hans sem kennslutæki og bara þegar við á.
- Þar sem stór hluti námsefnisins er á Innu þá er mælt til að nemendur mæti með tölvu í tímann. Hægt er að fá lánaða tölvu á bókasafninu.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lesskilningur	Read Theory – smásögur – ýmis önnur verkefni	25%
Ritun	Ýmis verkefni/próf	25%
Skáldsaga	Verkefni/próf tengd sögunni A Street Cat Named Bob	30%
Munnleg verkefni	2 verkefni 10% hvort	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu, 14. janúar 2025

Karl Sigtryggsson og Kristjana Hrund Bárðardóttir